

Fréttabréf Garðasels

Nóvember 2019



Foreldraviðtöl

Vikuna 4. – 15. nóvember eru foreldraviðtöl á öllum deildum. Í forstofum deilda hanga uppi tímasetningar viðtala og eru foreldrar hvattir til að kíkja yfir það skipulag ef þeir eiga viðtöl í þessari viku.

Foreldrar fengu send heim í tölvupósti eyðublaðið sem stuðst er við og þeir hvattir til að kíkja yfir það, skrá hjá sér ef þeir vilja ræða eitthvað sérstakt við

umsjónarkennara barns síns.

Skipulagsdagur 19. nóvember

Mánudaginn 19. nóvember er skipulagsdagur og þann dag er leikskólinn lokaður.

Skipulag þessa dags hjá starfsfólki er

- **Fjölbreyttir kennsluhættir fyrir fjöruga krakka** – Hlín Magnúsdóttir, sérkennari í Norðlingaholtsskóla kemur með verkfærakistu í læsi og stærðfræði
- **Viðhorf og gildi í starfi** – Sigríður Gísladóttir, iðjuþjálfari / sérfræðaðili í Garðaseli fjallar um viðhorf í starfi
- **Læsisvinna** – farið verður yfir Læsisstefnu leikskólanna og unnið með ákveðna þætti
- **Deildarvinna** – skipulag og endurmat



Dagur íslenskrar tungu

Föstudaginn 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Þennan dag halda skólar hátíðlegan með margvíslegum hætti og í Garðaseli verður nú haldin sameiginleg stund allra deilda á Skála föstudaginn 15. nóvember þar sem deildir koma með atriði og sýna.



Að þessu sinni er ekki gert ráð fyrir þátttöku foreldra.

Í tengslum við Dag íslenskrar tungu mun Hallbera Fríður Jóhannesdóttir, kennari, bókasafnsfræðingur og rithöfundur, koma til okkar og lesa úr bókinni sinni **Á ferð og flugi með ömmu**. Hún verður hjá okkur dagana 13. og 14. nóvember kl: 10.00-11.30 og mun lesa fyrir hópa á öllum deildum úr bók sinni.



Þema mánaðarins er Læsi

Í nóvember verður læsi helsta þemað í skólastarfinu og áfram unnið með Línu langsockk. Þar munu deildir, árgangar og hópstjórar skipuleggja verkefni og viðfangsefni sem hæfa hverju aldurstigi fyrir sig. Unnið verður með læsi í fjölbreyttri mynd, s.s. lestur, orð og merkingu orða, bókstafinu / hljóðin þeirra, leika með orð og stafi (fyrsta staf í orði, allt orðið), vinna með stafagerð á fjölbreyttan hátt, fyrsta stafin í nafni barna / mömmu og pabba.....

Unnið verður með læsi í stöðvavinnu, í hópastarfi, í samverustundum og vali ásamt því að tengja læsið inn í hreyfistundir og vettvangsferðir. Bókaormar eru á hverri deild þar sem börnin skiptast á að koma með bók að heiman til lestrar í samverustundum.

Læsi er lífsins leikur

Ljósmyndasýning og Listasýning á Vökudögum



Ljósmyndasýning elstu barnanna á Vík **Það sem auga mitt sér** var sett upp á Höfða (1. hæð þegar komið er inn) fimmtudaginn 24. Október og verður uppi fram í fyrstu viku nóvember. Hvert barn valdi sína mynd á sýninguna og eru margar fallegar og skemmtilegar myndir frá þeim nú eins og áður. Börnin fóru á Höfða og skoðuðu sýninguna sína og var sérstaklega vel tekið á móti þeim. Listasýning allra elstu leikskólabarna á Akranesi er svo í Vitanum.

Foreldrar og fjölskyldur barnanna eru hvattar til að skoða þessar flottu sýningar barnanna.

Fjölnota pokar ☺

Leikskólinn setti sér það markmið fyrir tveimur árum að hætta notkun plastpoka og hvatti til notkunar á margnota pokum. Foreldrar tóku vel í þá hugmynd og fékk leikskólinn að gjöf frá foreldrum barns 80 taupoka merktar Garðaseli og þeir voru til notkunar fyrir alla foreldra. Þá voru aðrir stærri fjölnota pokar settir í notkun, sem voru hugsaðir undir útiföt og stærri heimsendingar.

Allur gangur er á því hvernig og hvort þessir pokar skila sér tilbaka en foreldrar eru hvattir til að kíkja hvort pokar leynist heima og koma með þá aftur. Einnig er auðvelt að nálgast svona fjölnota poka til að hafa í kössum barnanna til að setja blaut föt í í lok dags.



Endurnýtanlegur efniviður í útileik

Ef heima leynast spýtur / spýtukubbar sem þarf að losa sig við erum við í Garðaseli tilbúin að þiggja það til að nota í útileiknum. Börnin elska svona efnivið og oft verður til flottur leikur í kringum hann.

Þroskaþjálfar Greiningarstöðvar í heimsókn

Fimmtudaginn 31. október komu 10 þroskaþjálfar frá Greiningarstöð í heimsókn í Garðasel til að fræðast um skipulag sérkennslunnar og hugmyndafræði skólans varðandi þennan mikilvæga þátt í skólastarfinu. Leikskólinn er í miklu samstarfi við Greiningarstöð vegna barna með sérþarfir og samráð og teymisfundir skipta miklu máli og fókusinn alltaf á að þarfir hvers barns séu í fyrirrúmi.



Í verkefninu **um Vináttu** er lögð áhersla á að foreldrar leiðbeini börnum sínum í að vera góðir félagar, tala af jákvæðni um önnur börn og fjölskyldur þeirra, að foreldrahópurinn á deild komi sér upp hefðum varðandi afmælisdaga barnanna og boð í afmælisveislur. Fátt er erfiðara en vera það barn sem ekki fær boð og ekkert foreldri vill upplifa það með barninu sínu.